



Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Éitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niðr'ad strönd.
Funduð stað, sameinað beggja sál.

Jóhann Helgason / Vilhjálmur Vilhjálmsson

Moldun

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skrítið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar
Þakklæti og trú.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf getað huggað mig
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
liðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.

Bob Dylan / Ingibjörg Gunnarsdóttir

Blessun

Eftirspil

Knockin' On Heaven's Door með Guns N' Roses



*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og samúð og býður viðstöddum
að þiggja veitingar í Gólfskálanum að athöfn lokinni.*



Ævar Rafn Ævarsson

Fæddur 7. nóvember 1971
Dáinn 1. október 2023

Útför frá Hafnarkirkju
miðvikudaginn 11. október 2023



Prestur: Sr. Karen Hjartardóttir
Undirleikur: Heiðar Sigurðsson
Einsöngur: Þórdís Sevarsdóttir
Umsjón: Albert Eymundsson

Forspil

Elska þig með Ellen Kristjánsdóttur

Signing og bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammt af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Þann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sandell-Berg / Sigurbjörn Einarsson

Ritningarlestur

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunnir þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þóvarinsson

Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vega fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.

Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Guðspjall



When I think of angels
I think of you
And your flaming red hair
and the things that you do.
I heard you had left
no it couldn't be true
When I think of angels
I think of you.

Godspeed to you angel
wherever you go
although you have left
I want you to know
My heart's full of sorrow
I won't let it show
I'll see you again
when it's my time to go.



When I think of angels
I think of you
And your flaming red hair
and the things that you do.
I heard you had left
no it couldn't be true
When I think of angels
I think of you.

When I think of angels
I think of you. KK



Minningarorð

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lífum, lífum í trú,
að ljósið bjarta skæra
::veki þig með sól að morgni::

Drottinn minn faðir lífsins ljóss,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða
:: þú vekur hann með sól að morgni ::

Faðir minn láttu lífsins sól,
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn, frið og skjól,
láttu svo ljósið þitt bjarta
::vekja hann með sól að morgni::

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál,
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd
::svo vaknar hann með sól að morgni::

Farðu í friði vinur minn kær,
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma
::svo vöknunum við með sól að morgni::

Bubbi Morthens

Bæn og Faðir vor